

## Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sambands stjórnendafélaga

Fundur samstarfsnefndar var haldinn fimmtudaginn 7. apríl 2022. Samskipti fóru fram í tölvupóstum.

Fyrir hönd Sambands stjórnendafélaga skipstjórnarmanna: Skúli Sigurðsson og Jóhann Baldursson

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga: Benedikt Þór Valsson, Inga Rún Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Eftirfarandi var tekið fyrir

#### 1. Hagvaxtarauki

Í gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiákvæði við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Nú hefur forsendunefnd ASÍ og SA staðfest að hagvaxtarauki að upphæð 10.500 kr. komi á taxtalaun frá 1. apríl 2022 og til greiðslu þann 1. maí næstkomandi.

#### Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að frá 1. apríl bætist hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við launatöflur gildandi kjarasamninga aðila. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu frá og með mánaðarmótum apríl-maí 2022.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.